

Ársfundur 2020 // 12. júní, kl. 14:00

# SAMAN GEGNUM KÓFIÐ



# SAMAN GEGNUM KÓFIÐ

**Árið 2020 í hnotskurn**
Opnunarmyndskeið

**Ávarp**
Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

**Ávarp**
Páll Matthíasson, forstjóri

**Ársreikningur Landspítala**
Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármála

**Vísindarannsóknir á Landspítala í kjölfar COVID-19**
Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga
Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar (Myndskeið)

**Heiðranir starfsfólks**
Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála

**Saman gegnum Kófið**
Samstarfsverkefni ráðgjafa og sálfræðinga hjá geðþjónustu og skrifstofu mannauðsmála. (Myndskeið)

**COVID-19 á Landspítala**
Hápunktar starfsfólks í heimsfaraldri frekar en lærdómurinn (Myndskeið)

**Fundarstjóri**
Bylgja Kærnested, deildarstjóri



***Ásdís Ingvadóttir***
*sjúkraliði á göngudeild mæðraverndar og fósturgreiningar*

„Ásdís  sinnir sýkinga-vörnum deildarinnar með glæsibrag og er búin að lyfta skipulagi á deildinni í aðrar hæðir. Hún mætir alltaf glöð og kát í vinnu sem smitar út frá sér."

***Berglind Sigurðardóttir***
*svæfingahjúkrunar-fræðingur á svæfingu við Hringbraut*

„Berglind stendur fyrir þau gildi sem Landspítali hefur sett á oddinn, er umhyggjusöm, fagleg, tekur þátt í þróun innan deildar og er alltaf boðin og búin til aðstoðar.”






***Bjarney Hrafnberg Hilmarsdóttir***
*ljósmóðir á fæðingarvakt*

„Bjarney er fagleg, nákvæm og einstaklega hlý og umhyggjusöm. Hún hefur veitt öðrum ljósmæðrum leiðsögn í vandasömum verkefnum í þjónustu okkar.”

***Hildigunnur Friðjónsdóttir***
*hjúkrunarfræðingur á almennri göngudeild skurðlækninga*

„Hildigunnur lætur sig hluti varða og vekur athygli forráðamanna á því sem betur má fara; er samviskusöm, nákvæm og fagleg í starfi.”






***Hjördís Jóhannsdóttir***

*hjúkrunarfræðingur á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga*

„Hjördís er framúrskarandi hjúkrunarfræðingur og fyrirmynd annarra; sinnir sjúklingum sínum afar vel og mikið er leitað til hennar af samstarfsfólki."

***Jerald Nueva Vallesterol***
*skrifstofumaður á lager eldhúss og matsala*

„Jerald er lykilstarfsmaður í eldhúsinu, einstaklega samvisku-samur, með allt á hreinu og hefur mikið jafnaðargeð. Vinnur með bros á vör og af fagmennsku."





***Jón Eyjólfur Jónsson***
*yfirlæknir í öldrunar-lækningum*

„Jón Eyjólfur er einstaklega jákvæður og góð fyrirmynd; alltaf boðinn og búinn að hjálpa og sér jákvæðu hliðarnar á tilverunni.”

***Steinunn Ingvarsdóttir***
*verkefnastjóri á skrif-*
*stofu meðferðarsviðs*

„Starf Steinunnar á COVID-19 göngudeildinni var af hennar hálfu vel af hendi leyst og skipulagt, unnið á mettíma og hún var ávallt skýr og fagleg í samskiptum.”





***Steinunn G. Ástráðsdóttir***
*lífeindafræðingur á ísótópastofu röntgendeildar*

„Steinunn hefur verið virk í mótun ísótópastofunnar og ávallt gott að leita til hennar. Einstaklega góð og nærgætin við skjólstæðinga sína.”

***Sveinn Geir Einarsson***

*yfirlæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningum við Hringbraut*

„Sveinn hefur einstakan hæfileika til að kalla það besta fram í fólki og smitar gleði og bjartsýni til allra í kringum sig.”





***Zineta Pidzo***
*heilbrigðisritari á móttöku bráðamóttöku*

„Zineta er með jákvætt viðhorf, lausnamiðuð og einstaklega hjálpsöm. Fer alltaf skrefinu lengra með hvert mál.”

## *Farsóttanefnd Landspítala*

„Farsóttanefnd stýrði vel heppnuðu viðbragði Landspítala við heimsfaraldri COVID-19 af framúrskarandi fagmennsku og öryggi þannig að eftir hefur verið tekið. Frábært fagfólk hvert og eitt sem við erum öll stolt af."





*Gjörgæslan í Fossvogi*

„Gjörgæslan sýndi samtakamátt á erfiðum tímum og leysti flókin og erfið verkefni af vandvirkni og fagmennsku. Allir skiptu máli og hjálpuðust að.”

***Þjónustumiðstöð HUT – 1550***

„ Starfsfólk
þjónustuvers HUT
er einstaklega
viðmótshlýtt,
þjónustulipurt
og úrræðagott;
alveg til fyrirmyndar
og með samskipta-
sáttmálann
á hreinu.”

